



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til váttryggingafélaga (fyrir utan Viðlagatryggingu Íslands), fjármála- og efnahagsráðuneytisins og Samtaka fjármálafyrirtækja

27. september 2017

Tilvísun: 2017010453

Efni: Breytt framkvæmd vegna viðmiðunarreglna EIOPA.

Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin (EIOPA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. *guidelines*) sem varða ákveðin efni varðandi starfsemi váttryggingafélaga og tengjast Solvency II regluverkinu. Tilgangur viðmiðunarreglna EIOPA er að koma á samræmdri, árangursríkri og skilvirkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálaeftirlitskerfisins og til að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf um fjármálþjónustu innan EES. Viðmiðunarreglurnar eru nánari útfærsla á ákvæðum tilskipunar 2009/138/EB og afleiddra reglugerða sem af henni leiðir og innleiddar hafa verið hér á landi.

Fjármálaeftirlitið gaf út leiðbeinandi tilmæli um áhættustýringu og starfssvið tryggingastærðfræðings hjá váttryggingafélögum nr. 3/2014, leiðbeinandi tilmæli nr. 5/2015 um stjórnarhætti váttryggingafélaga, leiðbeinandi tilmæli um útvistun hjá eftirlitsskyldum aðilum nr. 6/2014 og leiðbeinandi tilmæli um innri endurskoðun váttryggingafélaga nr. 7/2014, sem byggðu að stærstum hluta til á undirbúningsviðmiðunarreglum (e. *preparatory guidelines*) frá EIOPA. Markmið tilmælanna var m.a. að stuðla að viðeigandi undirbúningi váttryggingafélaga fyrir gildistöku Solvency II. Undirbúningsviðmiðunarreglur EIOPA byggðu á ákvæðum tilskipunar 2009/138/EB um stofnun og starfsrækslu váttryggingafélaga („Solvency II tilskipunin“), ásamt ákvæðum breytingartilskipunar 2014/51/ESB (Omnibus II).

Frá því að Fjármálaeftirlitið gaf út framangreind leiðbeinandi tilmæli sem byggðu á undirbúningsviðmiðunarreglum EIOPA, hafa lög nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði tekið gildi. Með lögnum öðlast svonefndar ESAs reglugerðir gildi hér á landi, þ.e. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093-1095/2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsstofnununum EBA, ESMA og EIOPA. Í 16. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1094/2010 um að koma á fót Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnuninni, sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, er fjallað um viðmiðunarreglur og almenn tilmæli eftirlitsstofnunarinnar. Í 3. mgr. 16. gr. segir að lögbær yfirvöld og fjármálastofnanir skuli leita allra leiða til að fara að þessum viðmiðunarreglum og almennum tilmælum.

Leiðbeinandi tilmæli sem byggðu á undirbúningsviðmiðunarreglum EIOPA falla nú úr gildi. Viðmiðunarreglur EIOPA sem tóku við af þeim undirbúningsviðmiðunarreglum, auk annarra viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna, munu ekki verða teknar upp í leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins, nema sérstök ástæða þyki til. Fjármálaeftirlitið mun birta á heimasíðu sinni dreifibréf þetta og slóð á enska útgáfu viðmiðunarreglnanna ásamt stuttri umfjöllun um innihald þeirra. Fjármálaeftirlitið mun auk þess reglulega annast kynningar á efni viðmiðunarreglna evrópsku eftirlitsstofnananna.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Lokaútgáfa viðmiðunarreglna EIOPA eru nánari útfærsla á Solvency II tilskipuninni og jafnframt afleiddri reglugerð 2015/35/ESB um stofnun og starfrækslu váttryggingafélaga (Solvency II reglugerðin). Þær breytingar sem gerðar hafa verið frá undirbúningsviðmiðunarreglunum eru því að mestu leyti til komnar vegna Solvency II reglugerðarinnar sem hefur verið innleidd með reglugerð nr. 585/2017 um váttryggingastarfsemi. Fjármálaeftirlitið beinir því til váttryggingafélaga að kynna sér framangreindar viðmiðunarreglur EIOPA á heimasíðu eftirlitsins og að taka mið af þeim í starfsemi sinni. Komist Fjármálaeftirlitið að þeirri niðurstöðu að um brot á lögum eða reglum sé að ræða gerir Fjármálaeftirlitið kröfu um úrbætur, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Fjármálaeftirlitið mun á næstunni standa fyrir kynningum á viðmiðunarreglum sem tengjast Solvency II. Fyrri hluti kynninganna mun fara fram þann **5. október nk. kl. 9.00** í húsakynnum Fjármálaeftirlitsins að Katrínartúni 2, 3. hæð, og munu varða eftirfarandi viðmiðunarreglur:

- Viðmiðunarreglur EIOPA um stjórnkerfi váttryggingafélaga, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-system-of-governance-solvency-ii>
- Viðmiðunarreglur EIOPA um eigin áhættu- og gjaldþolsmat (ORSA), sjá: https://eiopa.europa.eu/GuidelinesSII/EIOPA_Guidelines_on_ORSA_EN.pdf
- Viðmiðunarreglur EIOPA um markaðs- og mótaðilaáhættu, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-the-treatment-of-market-and-counterparty-risk-exposures>
- Viðmiðunarreglur EIOPA um mat á váttryggingaskuld, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-valuation-of-technical-provisions>
- Viðmiðunarreglur EIOPA um frestaðan skatt, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-the-loss-absorbing-capacity-of-technical-provisions-and-deferred-taxes>
- Viðmiðunarreglur EIOPA um aðferðina við að horfa í gegnum sjóði, sjá: <https://eiopa.europa.eu/publications/eiopa-guidelines/guidelines-on-look-through-approach>

Áhugasamir skrái sig á kynninguna með því að senda tölvupóst með fjölda þátttakenda og nöfnum þeirra á fme(a)fme.is, með efninu: „Viðmiðunarreglur EIOPA – fyrri hluti“, fyrir lok miðvikudagsins 4. október n.k.

Virðingarfyllt,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ


Sigurður Freyr Jónatansson


Asdís Nordal Snævarr